

35. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

haldinn að Hvanneyrargötu 3, fimmtudaginn 26 febrúar 2009.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Samræming taxta milli verkefnanna. (LHV)
3. Á að hefja nýja Grænni skóga námskeiðaröð í vor, eða fresta henni um ár í ljósi efnahagsástandsins og vegna þess að skammt er um liðið frá að síðustu námskeiðaröð lauk.
4. Rekstraráætlun vegna 2009.
5. Horfur um fjárveitingar 2010.
6. Bílamál. Kaup á notuðum eða fá lánaðan bíl hjá Bílabúð Benna.
7. Fagráðstefna í vor að frumkvæði Mógilsár, LBHÍ, SÍ og SR.
8. Önnur mál.

Mættir stjórnarmennirnir Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð. Fundur hófst kl. 13.45

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt
2. Samræming taxta milli verkefnanna. Landssamband skógareigenda hefur farið þess á leit við verkefnin að þau samræmi gjaldskrá milli verkefna. Sigvaldi gerði grein fyrir fundi framkvæmdarstjóranna þar sem farið var yfir taxta verkefnanna. Nokkur munur er á töxtum verkefna, en þegar allt er vegið saman er munurinn óverulegur. Stjórnin telur jákvætt að taxtar verði samræmdir.
3. Rætt var um að koma á nýrri Grænni skóga námskeiðaröð. Landbúnaðarháskólinn hefur þegar ákveðið að auglýsa Grænni skóga á Vesturlandi í vor.
4. Sigvaldi gerði grein rekstraráætlun v/ 2009. Ráðstöfunarfé er 48,7 miljónir króna fyrir árið 2009. Vesturlandsskógar hafa skuldbundið sig til að kaupa um 435 þús. plöntur af framleiðendum. Ekki verður hægt að greiða framlag út á allar þær plöntur og var ákveðið að bjóða bændum að fá til gróðursetningar umfram plöntur, sem ekki er hægt að greiða styrk útá og þá með því skilyrði, að þeir afsali sér styrk út á þær plöntur vegna svokallaðra vinnuliða. Einnig er framleiðendum heimilt að selja plöntur beint. Jafnframt er von til þess, að skógræktarfélagin gróðursetji með tilstyrk atvinnuleysistryggingasjóða eitthvað af plöntum, sem verkefnin eiga aflögu.
5. Rætt var um horfur á fjárveitingum fyrir árið 2010. Enn er allt í óvissu með fjárveitingar til verkefnanna, en búast má við niðurskurði eða í besta falli óbreyttri fjárveitingu frá því sem er á þessu ári.
6. Rætt var um að kaupa notaðan bíl þegar rekstarleiga bílsins ,sem nú er í notkun, rennur út í ágúst. Bílabúð Benna hefur boðist til að lána Vesturlandsskógum bíl. Ákveðið var að skoða það betur.
7. Sigvaldi kynnti fagráðstefna skógræktarmanna, sem verður 16. og 17. apríl. í Reykjavík.
8. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 15.05

Guðmundur Sigurðsson
Fundarritari